

M-32/2017. Álit 23. maí 2017.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 23. maí 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-32/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. maí 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna grills sem hann telur sig hafa keypt á vefsíðu á vegum Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér grillið.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Ágreiningur aðila snýr að verði og verðmerkingu Weber gasgrills sem álitsbeiðandi telur sig hafa keypt á vefsíðu seljanda fyrir kr. 12.995. Segist álitsbeiðandi hafa greitt fyrir grillið og vilji nú fá það afhent. Seljandi hafi hins vegar neitað að afhenda grillið á þeim forsendum að forritunarvilla hafi leitt til þess að rangt verð birtist á heimasíðunni hjá félaginu. Má ráða af þessu að seljandi telji að uppsett verð á tækinu samkvæmt heimasíðunni, kr. 12.995, hafi ekki verið rétt.

Í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu er m.a. fjallað um verðmerkingar og útsölur og hefur reglugerð nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum verið sett á grundvelli þeirra laga. Þar kemur m.a. fram í 5. mgr. 3. gr. að: „Fyrirtæki skal selja vöru á því verði sem verðmerkt er einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta á hins vegar ekki við ef kaupanda má vera ljóst að um mistök sé að ræða.“ Telur kæruneftndin að ágreiningur aðila falli undir umrædd lög og reglugerð setta á grundvelli þeirra, en ekki undir neytendakaupalögin nr. 48/2003. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kæruneftndar lausafjár og þjónustukaupa með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kæruneftndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir,
formaður kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa